

Skógrækt:

Danskar heiðar viði vaxnar

Hlynur Gauti Sigurðsson
hlynur@bondi.is



Við Íslendingar höfum í gegnum tíðina sótt fróðleik til frænda okkar Dana. Sú tenging er enn við lýði og nú hafa þeir kennt okkur að saga timbur.

„Skógur er undirstaða lífsviðurværis hvernar þjóðar“ er stór fullyrðing sem er erfitt að neita. Án skóga væri markmiðum um sjálfbærni þjóða seint náð. Viður teygir sig víða og er sennilega það hráefni sem best væri komið fyrir í miðju hins lofsverða hringrásarhagkerfis. Ef við erum efins með þessa fullyrðingu má velta því upp að norrænir forfeður okkar tilbáðu lífsins tré; tréð sem gefur, miðlar og veitir líf. „Orð eru til alls fyrst“ og svo skapast umræðan.

Í Bændablaðinu hefur áður verið fjallað um Erasmus+ verkefnið TreProX, sem var samstarfsverkefni háskóla frá Íslandi, Danmörku og Svíþjóð og snérist um menntun, þjálfun og læsi á notkun, þurrkun, ræktun og meðhöndlun viðar í víðum skilningi. Verkefninu lauk formlega um síðastliðin áramót og er námsgögnum, myndböndum, niðurstöðum og fleira gerð góð skil á heimasíðunni treprox.eu. Í þessari grein er umfjöllunarefnið námsdvölin í Danmörku þar sem mikil áhersla var á smáar stórviðarsagur ásamt stórum smáatriðum. En áður en vikið verður að umfjöllun um sagverk verður farið yfir nokkur heilræði.

Skógrækt

Skammt frá Vejle á Jótlandi hittum við Pelle Madsson sem hefur langa sögu af rannsóknunum í skógrækt. Hann ræktar asparskóg á búgarðinum sínum en skógurinn er fjórir hektarar.

Áður en hann hóf ræktunina skoðaði hann tegundir sem gætu myndað skógarlandslag á skömmum tíma. Hann stóð frammi fyrir því að fá sér öl eða ösp. Hann óttaðist að öspin



Skógskólinn í Eldrupgård.

yrði vinsælt viðbit meðal hjartardýra en sá ótti reyndist óþarfur. Hann gerði litla tilraun og þá kom í ljós að ölurinn óx betur framan af en öspin tók yfir eftir 7 ár. Landið tók stakkaskiptum og var ösp megingundin en beyki, askur og eik var búið að koma sér náttúrulega fyrir í skógarbotninum sem eru náttúrulegar skógarplöntur í Danmörku. Þetta var þá eins og Pelle grunaði. Alaskaöspin er úrvals trjategund til að ná upp skógi á mjög skömmum tíma. Hann vildi meina að skógurinn yxi mun hraðar en hann hafði búið við og taldi sig vita að slíkt hið sama gerðist á Íslandi.

Skógskólinn í Eldrupgård hefur yfir að ráða 2500 hektara skógi til rannsókna á ýmsum sviðum. Ulrik Kragh Hansen kennir skógverkfæði við skólann og er viskubrunnur um danska skógrækt og sögu hennar. Danir ræktuðu sitkagreni í stórum stíl á fyrri öldinni og gjarnan í víðfeðmum og einsleitum skögum. Ótímabær dauðsföll hafa gert vart við sig í greninu og stundum nær það ekki einu sinni hálfra aldar aldri. Ýmsar kenningar eru á reiki og ein er sú að viðkvæmt rötakerfi grenisins þoli illa vindstorma. Í blandskógum aftur á móti er eins og grenið lifir lengur. Það virðist því vera að fjölbreytt rötakerfi í skógarbotni skipti sköpum fyrir lífsskilyrði trjáanna sem þar standa. Danskir skógræktendur aðhyllast blandskógrækt, þar sem fleiri en ein og helst fleiri en tvær tegundir eru ræktaðar í sama landi. Það er þá

kannski ekki lengur „hefðbundin lotuskógrækt“ því fyrsta uppskera skógarins gæti verið sitkagreni, næst degli, svo eðallauftré eins og eik og beyki og svo koll af kolli. Nútíma timburmarkaður á heimsvísu er fjölbreyttari en áður. Nú virðist ekki lagt eins mikið upp með gæðatimbur og áður var og því hafa Danir lagt mikið upp ræktun hraðvaxta barrviðar, eins og risapín og sífjalerki.

Misjafnar sögur eru af árangri þeirrar ræktunar. Margt fróðlegt var í frásögn Ulriks um danska skógrækt en þó stóð einkum tvennt upp úr. Annars vegar að best er að veðja ekki um of á eina trjategund í ræktun, heldur skal byggja meira á aðferðum um blandskóga og hins vegar að þó atburðarásin virðist vera hröð meðal trjáanna þá hafa tvífatlingar sjaldnast þolinmæði til að fylgjast með henni.

Timbursögun

Um alla Skandinavíu má finna bjálkahús þar sem hráefni þess er oftar en ekki fengið úr skögum úr næsta nágrenni. Tæknin við byggingarlistina er aldagömul en mjög einföld, þegar maður kann hana. Palle Wisbech Liebum Pedersen, kennari við skógskólann í Eldrupgård, útskýrði ítarlega þá tækni sem þarf að hafa í huga þegar leggja á bjálka hornrétt þétt ofan á við annan. Í stuttu máli skal tommustokkurinn alltaf vera



Bent Jensen kennir áhugasömum þátttakendum sögunaraðferðir.



Kasper Werther Tækker er smiður á flugi.



Þátttakendur njóta samvistar og læra í fallegum degli skógi.

til taks og lyklatríði er að hafa gott skapalón til að teikna rétt snið á bolinn, sem saga á eftir. Mjög mikilvægt er að nota hárbetta sög í verkið því annars er hætt á að sögunin verði ónákvæm, auk þess að bitlaus sög fer oft illa í lundarfar verkmannsins.

Til að búa til borð og plankur þarf að saga trjából endilangt, hvort sem er frá sverari enda til þess grenni eða öfugt. Bent Jensen, kennari við skógskólann í Nødebo, þekkir sögun trjábola betur en margir, enda með áratuga reynslu við þá iðn. Að saga trjából þvers og kruss er kannski lítið mál, en að hafa vit á hvað maður er gera er ögn snúnara. Það þarf að lesa í plankann og sjá hvers lags efni hann getur gefið. Svo þarf líka að hafa í huga hver mun nota efnið. Þetta tvennt ræður því hvernig skal saga. Bolur getur verið snúinn, haft mismunandi trefjar, verið boginn, með stóra kvisti og fleira í þeim dúr. Út frá sverleika bolsins þarf síðan að reikna út nýtingarhlutfallið og þannig er hægt að ná fram meiri nýtingu úr bolnum. Nota má ýmsar aðferðir við að saga borð og plankur. Stundum er hentugt að nota keðjusögina.

Þá er fest stjórnborð, stundum kallað land, á bolinn endilangan sem keðjusöginni er rennt eftir. Sú aðferð er kölluð „slabbing logs“ á ensku og er ódýr, meðfærileg og hentar vel þegar ætlunin er að saga fáa boli í þykk borð.

Sé ætlunin að saga fjölda bola er ágætt að nota stórviðarsagur, eða sögunarmyllur eins og það er einnig nefnt. Ýmsir framleiðendur stórviðarsaga eru til um víða veröld og er hægt að finna sumar þeirra í

notkun hérlandis. Þó markaðurinn á Íslandi sé enn lítill er þó hægt að finna umboðsaðila nokkra þekktustu merkjanna. Að sögn Brian Jensen, umboðsaðila Wood-Mizer í Danmörku, skiptir mestu máli að átta sig á því umfangi sem ætlunin er að saga. Í sjálfu sér er hægt að saga alla boli í einfaldri og kraftlítilli sög en það getur verið þreytandi til lengdar. Stórviðarsagur eru dýrar og því mikilvægt að gera sér grein fyrir nokkrum atriðum áður en farið er í fjárfestinguna við fyrstu sögina.

Aftur á móti eru þær auðveldar í endursölu og falla þær lítið í verði. Af þeirri ástæðu einni ætti enginn að vera hræddur við að kaupa of litla sög í upphafi. Litlar sagir hafa þann kost að geta verið færanlegar og fluttar aftan í hvaða bíl sem er. Þær eru ýmist drifnar af eldsneytismótor eða rafmagnsmótor. Brian telur að í tilfelli íslenskra bænda væri vitrænast að vera nokkrir saman um kaup á fyrstu sög. Þannig gætu þeir lært hver af öðrum og auk þess sem notkun á söginni er óveruleg fyrst um sinn. Það skiptir líka máli að umboðsaðilinn sé áreiðanlegur og greiðvikinn. Það þarf að eiga góð, videigandi og vel brýnd sagarbönd, það þekja þeir sem hafa reynslu.

Smíðirnir fljúgandi

Við strönd Austur-Djursland á Jótlandi er lítill búgarður. Þar er starfrækt lítið smíðafyrirtæki sem hefur hið sérstaka nafn „The Flying Carpenters“. Nafnið á sér eðlilegar skýringar. Fyrir tæpum áratug sótti bóndinn á búgarðinum

BYKO
GERUMÞETTA SAMAN

STÖÐLUD STÁLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagsskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



Danskur beykiskógur við skógskólann í Eldrupgárd.



Wood-Mizer sög sem hentug er aftan í bil til að flytja milli bæja.

daglega vinnu til sumarhúsaeyjarinnar Anholt. Bóndinn, ásamt fjölskyldu- tengdum samstarfsmönnum, flugu á milli lands og eyjar á lítilli flugvél til að sækja vinnu. Ólíkt kollegum þeirra, sem sigldu og voru kallaðir „smiðirnir fljúgandi“, fengu bóndinn og félagar viðurnefnið „smiðirnir fljúgandi“. Enn þann dag í dag sinna þeir árstíðabundinni smiðarþjónustu á Anholt ... úr lofti. Sonur bóndans er einnig smiður. Hann heitir Kasper Werther Tækker og býr ásamt fjölskyldu sinni og foreldrum á bugarðinum. Hann hafði frá fjölmörgu áhugaverðu að segja. Bugarðurinn sjálfur er um 40 hektarar, tæpur helmingur þess landsvæðis er gamall skógur sem þau nýta til eigin nota á sjálfbæran hátt. Hinn hluta landsins leigja þau nágrönnum sínum til hefðbundins búskapar. Gamla trésmiðaverkstæðið er yfirleitt kynnt með timburafgöngum en vindmylla (17 kW) sér fyrir kyndingu á heimahúsunum tveimur. Búið er að steypa sökkla undir fjórðu bygginguna sem á að hýsa stórviðarsögina. Kasper ætlar að reisa hana í frítíma sínum og gerir ráð fyrir að hún verði klár eftir tvö ár. Þessi uppbygging hefur alls ekki verið hrist fram úr erminni. Í gegnum tíðina tíðkaðist ekki að eyða um efni fram. Þegar áunnust umfram tekjur var lagt fyrir og svo var keyptur passlega stór tækjakostur í það skiptið fyrir afraksturinn. Skattalöggjöfin í Danmörku hvatti til þess.

Hægt og bítandi stækkaði kosturinn og hefur nú yfir að geyma flugvél og fullkomna stórviðarsög svo fátt sé nefnt. Nýja húsið verður nær eingöngu smiðað úr timbri úr eigin skógi. Þegar timbur er heimaefngið þarf ekki opinbert leyfi fyrir það þegar það er nýtt til eigin nota. Það er einfaldlega á ábyrgð landeigandans, sem í þessu tilviki eru handlagðir smiðir.

Litlar sögunarmyllur

Á stöku stað um Danmörku má finna bændur sem sinna sögun í smáum stíl. Einn slíkur, Peder Kristiansen, ákvað um fimmtugt að sölsa um, kaupa stórviðarsög og bjóða sögunarþjónustu án þess að vita nákvæmlega hvað hann var að fara út í. Hjónin eiga fimm hektara jörð þar sem þau rækta jólatré, epli og halda nokkrar kindur.

Á hverjum degi hefur hann sagað nokkra boli á dag í tuttugu ár, aðallega degli. Helstu verkefni hafa verið sérpantanir til sveitarfélaga og bændur í nágrenninu. Áður var Peder í ágætu starfi hjá hinu opinbera en sá lífsstíll sem hann lifir í dag á miklu betur við hann. Kollegi Peders tekur í sama streng. Søren Møller hefur

nóg fyrir stafni allan ársins hring. Á haustin og veturna er hans helsta starf að grisja í skógi sínum auk þess sem hann framleiðir eldivið. Á hátíðum er töluvert um sérpantanir eins og á jólum og páskum. Á vorin og sumrin er mikil eftirspurn eftir smiðaviði í byggingar. Hans helstu viðskipti eru við fólk í nágrenninu og hann tekur eftir því að það eitt og sér, að vera í nágrenninu, skipti miklu því fólk vill vita hvaðan timbrið er fengið, hafi það kost á því.

Jótlend fyrr og nú

Fyrir öld, eða tveimur, vildu menn meina að ekki væri hægt að rækta skóg á jósku heiðunum. Jótlend var of berskjaldað fyrir opnu hafi, sérstaklega til vesturs. Á þeim tíma þótti samtímamönnum sennilega sannleikskorn í því. Raunin er þó sú að stórir og vöxtulegir skógar vaxa víða og hefur sú stórfenglega auðlind veitt danskri þjóð skjól fyrir búskap og ekki síður timbur í hús og hita. Aragrúi góðs námsefnis og myndbanda má finna á heimasíðunni www.treprox.eu.

KÄRCHER

Hreinsibúnaður og vélar



K háprýstidælur



HD háprýstidælur



HDS háprýsti/hitadælur



PGG rafstöðvar



NT ryksugur



RAFVER

rafver.is - S: 581 2333 - rafver@rafver.is

Bændablaðið kemur næst út 9. mars

MÁLMSTEYPA

Þorgríms Jónssonar ehf.

MÍÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • Sími 544 8900
www.malmsteypa.is • m@malmsteypa.is

Við höfum endurunnið járn
 og framleitt vörur fyrir
 Íslenskan iðnað og bæjarfélög
 síðan 1944